

149
26. júlí

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitufélag Grafarness.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er nemi kr. 200.00 af hverri íbúð.

Af vatni í þvottahús og smáskúra, sem áföst eru við íbúðarhús, greiðist enginn vatnsskattur, en af vatnslögn í fjós greiðist kr. 20.00 fyrir hverja kú, sem í fjósinu er.

2. gr.

Vatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, verzlánir, báta og önnur atvinnu-fyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venjulega ákveða með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu nemur, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagsstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutað-eigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samn-ingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. ágúst 1951, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.